



Glefsa

Brot úr hagvísum og skýrslum SSV og annað tengt efni – 1. tbl. 2026

Kvóti botnfisktegunda á Vesturlandi

Vífill Karlsson

Í Snæfellsbæ jukust aflaheimildir mest hlutfallslega á Vesturlandi frá bankahrúni, næst mest í Stykkishólmsbæ. Þær drógust saman í öðrum sveitarfélögum á Vesturlandi (Mynd 2). Aflaheimildir á íbúa eru mestar í Snæfellsbæ á Vesturlandi og næst mestar þar á landinu öllu (Tafla 1). Næst mestar á Vesturlandi voru þær í Grundarfjarðarbæ en í sjöunda sæti á landinu öllu.


Inngangur

Sjávarútvegur hefur verið töluvert til umfjöllunar í Glefsunni og skiljanlega þar sem ein auðugustu fiskimið landsins eru Faxaflói og Breiðafjörður og sjávarútvegur mikilvæg atvinnugrein á Vesturlandi (Vífill Karlsson, 2025a). Í þessari Glefsu verður skoðað hvernig aflaheimildir botnfisktegunda í almenna kerfinu¹ hafa þróast frá bankahrúni. Borin eru saman tvö fimm ára tímabil 2008-2012 og 2022-2026 og aflaheimildirnar ársmeðaltöl þeirra í tonnum. Þessi tímabil voru valin vegna þess að eftir bankahrúnið varð á vissan hátt nýtt upphaf í atvinnulífi landsmanna. Athafnamenn veittu aftur hefðbundnum atvinnugreinum meiri athygli eftir að fjármálamarkaðurinn og upplýsingatæknin hafði átt huga þeirra í mun ríkari mæli.

Heimildir í almenna kerfinu


Áður en umfjöllunin um Vesturland verður skoðuð skal farið fáeinum orðum um almenna leitni í gögnunum. Á henni má sjá að ef farið er frá vinstri til hægri í myndinni, hækka gildi punktanna. Það gefur til kynna að útgerðir fjær borginni fjárfesta frekar í aflaheimildum á milli tímabilanna en þær sem eru nær (Mynd 1). Þetta verður enn augljósara þegar hlutfallsleg aukning á milli tímabilanna er reiknuð (Mynd 2). Þetta kann að mega rekja til þess að sjávarútvegurinn verður stöðugt besti valkostur samfélaga eftir því sem fjær dregur frá Reykjavík. Ástæður þess eru m.a. að ferðapjónustan sem er sú atvinnugrein sem vaxið hefur hvað mest á landsbyggðinni undanfarin ár (og reyndar á landinu öllu) hefur vaxið hvað mest á landsbyggðinni næst höfuðborgarsvæðinu með fáeinum áhugaverðum undantekningum. Þess utan bendir nýleg rannsókn til þess að sóknarfæri landsbyggðarinnar í óstaðbundnum

störfum er líka á landsbyggðinni næst höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 1. Breyting á veiðiheimildum í botnfisktegundum, tonn

Myndræn framsetning nær til allra útgerðarsveitarfélaga á landinu, þau sem eru aðsetur útgerða sem skráðar eru fyrir hlutdeild í botnfisktegundum („eiga kvóta“). Sveitarfélög á Vesturlandi eru rauðmerkt.



Mynd 2. Breyting á veiðiheimildum í botnfisktegundum, %

Þá kemur fram að útgerðir í Snæfellsbæ fjárfestu mest hlutfallslega á Vesturlandi (Mynd 1), 29%, en líka þegar horft er til tonna eingöngu (Mynd 1/Mynd 2), rúm 4.700 tonn. Tekið skal fram að hlutdeildin jókst um 8,2% á landinu öllu

¹ Það sem Fiskistofa kallar hlutdeildarúthlutun og stundum vísað til sem kvóti í „eigu“ útgerða.



að jafnaði árlega á milli þessara tímabila eða um 23.425 tonn. Sveitarfélagið Stykkishólmur kom í kjölfar Snæfellsbæjar með 25% aukningu. Aflaheimildir drógust saman í öðrum sveitarfélögum á Vesturlandi: Borgarbyggð (-50%), Akraneskaupstaður (-26%), Grundarfjarðarbær (-19%).

Tafla 1. Veiðiheimildir í almenna kerfinu á botnfisktegundum 2008-2026

	A: Tonn á íbúa 2026	B: Tonn á íbúa '08- '26 mt	C: Staðal- frávik, hlíf á B	D: Sætis- skipti A og B	E: Þróun '08-'26
Sveitarfélag					
Grindavíkurbær	27,295	11,220	0,16	3	+
Grytubakkahreppur	21,760	22,153	0,28	-1	+
Snæfellsbær	12,367	12,353	0,15	0	+
Sveitarfélagið Skagaströnd	11,077	15,004	0,19	-2	-
Bolungarvíkurkirkst	7,355	8,663	0,20	0	+
Vestmannaeyjabær	7,082	7,884	0,12	1	+
Grundarfjarðarbær	6,655	8,193	0,14	-1	-
Fjallabyggð	6,266	6,996	0,11	0	-
Sveitarfélagið Hornafjörður	5,404	5,638	0,20	1	+
Fjarðabyggð	3,903	3,558	0,26	6	+
Dalvíkurbyggð	3,888	6,668	0,31	-2	+
Vesturbyggð	3,548	4,260	0,09	0	+
Langanesbyggð	3,488	4,311	0,35	-2	+
Ísafjarðarbær	3,208	3,844	0,09	-1	-
Kaldrananeshreppur	3,195	3,670	0,09	0	+
Suðurnesjabær	3,008	3,689	0,17	-2	+
Skagafjörður	2,998	2,726	0,33	1	+
Svf Stykkishólmur	2,949	3,100	0,17	-1	+
Vopnafjarðarhreppur	1,251	1,199	1,10	5	+
Akureyrarþær	0,960	1,024	0,18	6	+
Norðurling	0,849	1,261	0,26	2	-
Akraneskaupstaður	0,757	2,061	0,35	-2	-
Strandabyggð	0,560	0,699	0,21	4	-
Múlaþing	0,552	1,041	0,22	1	+
Reykjavíkurborg	0,254	0,350	0,16	3	-
Sveitarfélagið Ölfus	0,144	1,912	0,40	-5	+
Sveitarfélagið Árborg	0,100	0,197	0,25	2	-
Hafnarfjarðarkirkst	0,058	0,192	0,72	2	-
Reykjanesbær	0,055	0,175	0,42	2	-
Árneshreppur	0,024	1,533	0,71	-8	-
Reykhlóahreppur	0,017	0,006	2,69	5	+
Húnaþing	0,008	0,170	0,67	0	-
Dalabyggð	0,007	0,002	3,51	5	+
Borgarbyggð	0,004	0,015	0,34	1	-
Húnaþing vestra	0,002	0,040	2,94	-1	-
Kópavogsbær	0,001	0,002	0,62	1	-
Sveitarfélagið Vogar	0	2,108	0,41	-18	-
Súðavíkurhreppur	0	0,100	2,74	-5	-
Garðabær	0	0,001	1,12	0	-
Seltjarnarnesbær	0	0,000	3,01	0	-
Ásahreppur					
Bláskógabyggð					
Eyja- og Miklaholtshr.					
Eyjaþingarsveit					
Fjölstaðahreppur					
Flóahreppur					
Grimsnæs- og Grafningshr.					
Hrunamannahreppur					
Hvalfjarðarsveit					
Hveragerðisbær					
Hörgársveit					
Kjósahreppur					
Mosfellsbær					
Mýrdalshreppur					
Rangárling eystra					
Rangárling ytra					
Skaftharhreppur					
Skeiða- og Gnúpverjahr.					
Skorradalshreppur					
Svalbarðsstrandarhr.					
Tjörneshreppur					
Þingeyjarsveit					

Skammtastafanir og skýringar: mt = meðtal á ári, stfrv = staðalfrávik, hlíf = hlutfallslegt. Stfrv, hlíf = stfrv veiðiheimilda viðkomandi sveitarfélags deilt með mt veiðiheimilda.
Byggt á gögnum Fiskistofu og Hagstofu Íslands

Mestu munaði hjá Grundarfjarðarbæ um kaup FISK í Skagafirði á útgerð Soffaníasar Cecilssonar. Skagafirðingar juku aflaheimildir sínar um 7.607 tonn að jafnaði árlega milli þessara tímabila eða um 128%. Það er meira en það sem dróst saman hjá Grundarfjarðarbæ 1.372 tonn. Fjarðabyggð jók mest við sig í tonnum talið

eða 8.518. Aukning Grindavíkurbæjar vekur einnig athygli í tonnum talið.

Að síðustu var skoðað hversu miklar veiðiheimildir voru í viðkomandi sveitarfélögum deilt með fjölda íbúa. Fyrst fyrir yfirstandandi fiskveiðiár (2026) en einnig fyrir allt tímabilið til samanburðar. Það gefur á vissan hátt vísbendingar um það hversu háð sveitarfélögin eru sjávarútvegi og / eða hversu öflug þau eru í greininni.

Í ljós kom að Snæfellsbær er eitt allra öflugasta sjávarútvegssveitarfélag landsins sem á ekki að koma á óvart þar sem aðrar mælingar hafa gefið slíkt hið sama til kynna (t.d. Vífill Karlsson, 2025b). Grundarfjarðarbær er þarna skammt undan, jafnvel þó hann hafi tapað frá sér aflaheimildum á milli tímabilanna sem til skoðunar voru (Mynd 1 og Mynd 2). Næst en nokkru neðar er svo Sveitarfélagið Stykkishólmur, þá Akraneskaupstaður síðan datt Dalabyggð þarna inn rétt fyrir ofan Borgarbyggð en eru bæði meðal neðstu sveitarfélaga á landinu. Hvorki Borgarbyggð né Dalabyggð hafa byggt afkomu sína á sjávarútvegi. Ástæðan fyrir því að Dalabyggð er á þessum lista en ekki í myndunum fyrr í Glefsunni er vegna þess að engar veiðiheimildir voru skráðar í sveitarfélaginu fyrr en fyrst 2025 og 2026, meira 2025. Framtíðin verður svo að skera úr um hvort Dalabyggð gerir sig gildandi í sjávarútvegi eður ei.

Ef rýnt er í tölurnar, kemur í ljós að árið 2026 eru aflaheimildir á íbúa nær tvöfalt meiri í Snæfellsbæ en í Grundarfjarðarbæ. Í Grundarfjarðarbæ eru þær rúmlega tvöfalt meiri en í Sveitarfélaginu Stykkishólmi, og í því sveitarfélagi eru þær rúmlega þrefalt meiri en í Akraneskaupstað.

Hins vegar eru þær nærri tvöfalt meiri í Grytubakkahreppi en Snæfellsbæ en Grytubakkahreppur verður að teljast öflugasta sjávarútvegssveitarfélag landsins á þennan kvarða en tölurnar fyrir Grindavíkurbæ eru óvenjulegar 2026 vegna kröftugrar fækkunar íbúa þar nýlega af þekktum ástæðum sem trúlega mun ganga hratt til baka.

Ef skoðaðar eru breytingar á sætisskipan 2026 m.v. meðaltal alls tímabilsins (D-dálkur) og horft framhjá Grindavíkurbæ þá eru það bara Grundarfjarðarbær og Akraneskaupstaður sem lækkuðu. Önnur sveitarfélög á Vesturlandi héldu sínu eða hækkuðu.

Heimildir

Vífill Karlsson. (2025a). Atvinnulíf á Vesturlandi: Vægi lykilatvinnugreina á Vesturlandi. *Hagvísir Vesturlands*, 26(1), 1-37.

Vífill Karlsson. (2025b). Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga. *Glefsa*, 11(2), 1-2.